

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd

Reykjavík 31. október 2022

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999 (ættleiðendur). Þingskjal 197 - 196. mál. 153. löggjafarþing 2022-2023.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Ellen Calmon,
framkvæmdastýra

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til breytinga á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999 (ættleiðendur).

Barnaheill þakka fyrir boðið um að senda inn umsögn við ofangreint mál.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi lýsa yfir ánægju með þær breytingar sem lagðar eru fram með frumvarpinu sem tryggir það að umsækjandi sem alið hefur upp barn geti fengið ættleiðingarleyfi þrátt fyrir að hafa slitið sambúð eða hjónabandi við foreldrið. Með frumvarpinu eru börnum tryggð aukin réttindi án þess að lagaleg tengsl barns við báða blóðforeldra rofnar.

Barnaheill vilja þó benda á mistök sem orðið hafa við ritun textans í frumvarpinu en þar stendur eftirfarandi:

„Öðru hjóna eða einstaklingi í óvígðri sambúð má þó með samþykki hins veita leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn, enda hafi það í a.m.k. fimm ár tekið virkan þátt í uppeldi barnsins þegar það var á barnsaldri, nema alveg sérstakar ástæður mæli **með** ættleiðingu.“ (Feitl. Barnaheilla).

Samtökin benda á að þar sem stendur „með ættleiðingu“ hafi líklega átt að standa „gegn ættleiðingu“ og hvetja til þess að breytingar verði gerðar á orðalaginu áður en málið nær lengra.

Að því sögðu styðja Barnaheill við að frumvarpið verði að lögum en vekja athygli á því að hvert mál skuli metið með hagsmuni hvers barns í forgrunni og að tekið skuli tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska, þegar ákvarðanir eru teknar um líf þess og hagsmuni.

Barnaheill vinna að bættum réttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllum sínum störfum.